

# Heiti Viðeigandi hegðun: í skólanum! – Good Behaviour: The School!

## Spil um siði/venjur/hegðun

**Aldur:** 3 – 8 ára

**Fjöldi leikmanna:** Ekki tekið fram.

**Leiktími:** Ekki tekið fram.

**Innihald:** 34 spil sem eru 9x9 sm að stærð.

---

### Hugmynd og markmið:

- Þróa viðeigandi hegðun í skóla og í umferðinni.
  - Taka til og þrifa í skólastofunni:**

Það á að halda skólastofunni hreinni og snyrtilegri: hengja úlpur á snaga, henda rusli í fötu.

Notið sameiginlega hluti og efni á viðeigandi hátt: rólán, borðið, kennsluefni.
  - Vinna í skólastofunni:**

Setjist almennilega niður.

Borðið á að vera hreint og snyrtilegt.
  - Að láta sér lynda við skólafélagana:**

Deilið leikjum, bókum og kennsluefni.

Leysið ágreining í sátt.

Virðið samnemendur.

Hjálpíð hvert öðru.
  - Öryggi í umferðinni:**

Spennið sætisbeltin.

Þegar þið farið yfir götur þá notið þið gangbrautir. Bíðið eftir grænu ljósi.

Notið hjálm þegar þið hjólið.
- Þróa færni í að tala með því að útskýra hvað mismunandi spil sýna.
- Læra annað tungumál, talmál.

### Undirbúningur:

Þetta er leikur í að para saman. Parið saman hegðun og berið kennsl á hvað er rétt eða röng hegðun. Það er hægt að gera 17 paránir. Börnin geta ýmist spilað ein eða í hóp/um. Þegar búið er að para þá er gætt að bakhlið spilanna. Á þeim eru tölur og merki sem gefa til kynna hvort hegðunin er rétt (bros) eða röng (sorgmætt andlit).

**Gangur spilsins:**

1. Áður en byrjað er að spila þá mælum við með að börnunum sé sagt frá hvernig bakhlið spilanna er.
2. Parið saman hegðun. Gætið að bakhlið spilanna, er hún rétt (sömu tölur).
3. Veljið einungis spil sem sýna góða hegðun eða venjur. Athugið hvort þið hafið valið rétt, bros á bakhlið.
4. Lýsið með orðum hvernig viðeigandi hegðun er.
5. Farið í skref 3 og 4 en veljið nú slæma siði og hegðun, sorgmætt andlit.

**Tilbrigði:****1. PÖRUN**

- Veljið spil og finnið samsvörun.
- Veljið spil sem sýnir óviðeigandi hegðun og finnið samsvörun með spili sem sýnir rétta hegðun.
- Veljið spil sem sýnir rétta hegðun og finnið samsvörun með spili sem sýnir óviðeigandi hegðun.

**2. FLOKKUN**

Flokkið spilin eftir því hvort þau sýna góða eða slæma siði og/eða hegðun.

**3. LÝSING MEÐ ORÐUM**

Þegar spil sem sýna slæma hegðun eru notuð þá ætti nemandinn að skýra með setningum líkt og – það er bannað að henda rusli á gólfið -.

Þegar spil sem sýna viðeigandi hegðun eru notuð þá ætti nemandinn að skýra með setningum líkt og – við eigum að henda rusli í ruslafötuna -.

*Þýðing: Eirný Valsdóttir*